

Dreifibréf 04/2005/LS

Breytt afgreiðslutilhögun á Concerta® forðatöflum og Ritalin Uno® hylkjum.

Lyfjastofnun vill vekja athygli á breyttri afgreiðslutilhögun á Concerta® forðatöflum og Ritalin Uno® hylkjum.

Samkvæmt dreifibréfi nr. 15/2002/LS var afgreiðsluheimild á Ritalin® 10 mg töflum og Amfetamín LÍ® 5 mg töflum takmörkuð samkvæmt heimild í 10 gr. reglugerðar 233/2001 um ávana- og fíkniefni.

Lyfjastofnun hefur nú í samráði við landlæknisembættið endurskoðað fyrrgreinda afgreiðslutilhögun á þann hátt að heimilt verði að afgreiða 100 daga skammt af Concerta® forðatöflum 18 mg og 36 mg og Ritalín Uno® hylkjum 20 mg, 30 mg og 40 mg.

Frá 1. apríl 2005 verður heimilt að afgreiða skammt til 100 daga notkunar af Concerta® forðatöflum og Ritalin Uno® hylkjum á lyfseðil.

Athygli er vakin á því að afgreiðslutakmörkunin samkvæmt dreifibréfi nr. 15/2002/LS á enn við um Ritalín® töflur og Amfetamín LÍ® 5 mg töflur.

Lyfjastofnunar